

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 310/2003**  
**um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins**  
**um hönnun olíuflutningaskipa.**

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2172/2004 frá 17. desember 2004 um breytingu á reglugerð nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem vísað er til í 56m í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2005 frá 29. apríl 2005 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 296/2006 um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa.

*Samgönguráðuneytinu, 3. maí 2006.*

**Sturla Böðvarsson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2172/2004**

frá 17. desember 2004

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olúflutningaskip með einföldum byrðingi**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Reglugerð (EB) nr. 417/2002 er breytt sem hér segir:

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olúflutningaskip með einföldum byrðingi<sup>(1)</sup>, einkum 11. gr.,

1. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í 2. lið komi tilvísun í „ályktun MEPC 111(50) frá 4. desember 2003 sem öðlast gildi 4. apríl 2005“ í stað tilvísunarinnar í „ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001 sem öðlast gildi 1. september 2002“.
- b) Eftirfarandi málsliður bætist við í 7. lið: „öll olúflutningaskip í 2. flokki“: skulu búin aðgreindum sjókjölfestugeymum með varða staðsetningu (SBT/PL)“.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 417/2002 byggist á skilgreiningum og kröfum sem settar eru fram í I. viðauka við alþjóðasamninginn um varnir gegn mengun frá skipum (hér á eftir nefndur „MARPOL-samningurinn“).
- 2) Hinn 4. desember 2003 samþykkti umhverfisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC) ýmsar breytingar á I. viðauka við MARPOL-samninginn. Þessar breytingar öðlast gildi 5. apríl 2005.
- 3) Í ljósi þessara breytinga er nauðsynlegt að uppfæra tilvísanirnar í reglugerð (EB) nr. 417/2002 í I. viðauka við MARPOL-samninginn.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

c) Eftirfarandi komi í stað 10. liðar:

„10. „olúflutningaskip með tvöföldum byrðingi“ skal merkja:

- a) olúflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og þar yfir sem uppfyllir kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 eða ákvæði c-liðar 1. mgr. Endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, eða

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1726/2003 (Stjóð. ESB L 249, 1.10.2003, bls. 1)

- b) olúflutningaskip með 600 tonna burðargetu og þar yfir, en undir 5 000 tonnum, með tvöföldum botni eða rýmum sem uppfylla ákvæði a-liðar 7. mgr. reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 og hliðargeymum eða rými sem komið er fyrir í samræmi við a-lið 3. mgr. reglu 13F og uppfylla fjarlægðarkröfuna í b-lið 7. mgr. reglu 13F í I viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78“.
2. Í 6. gr. komi tilvísun í „ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001, eins og henni hefur verið breytt með ályktun MEPC 99(48) frá 11. október 2002 og ályktun MEPC 112(50) frá 4. desember 2003“ í stað tilvísunarinnar í „ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001“.
3. Í 11. gr. komi tilvísun í „ályktanir MEPC 111(50) og ályktun MEPC 94(46), eins og þeim hefur verið breytt með ályktun MEPC 99(48) og ályktun MEPC 112(50)“ í stað tilvísunarinnar í „ályktanir MEPC 94(46) og 95(46)“.
2. gr.
- Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2004.

*Fyrir hönd*  
*framkvæmdastjórnarinnar,*  
Jacques BARROT  
*varaforseti.*